

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Guð reynir trú og hlýðni Abrahams



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Byron Unger; Lazarus

Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Aðlagð af: M. Maillot; Tammy s.

Saga 5 af 60

www.M1914.org

Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg, MB R3C 2G1 Canada

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

Íslenska

Icelandic



"Tak þú son þinn Ísak, og fórnaðu honum sem brennifórni," sagði Guð. Fórna Ísak? Fórna syni sínum? Þvílík fyrirskipun. Abraham elskaði son sinn.



3

En Abraham hafði lært að treysta Guði þótt stundum hann ekki skildi. Árla morguns lagði hann af stað með Ísak og tvo fylgdarmenn áleiðis til fórnarfjallsins.



4

Áður en hann lagði af stað til Móríafjalls, klauf Abraham brennivið til fórnarinnar. Hann var ákveðinn að hlýðnast Guði.



5

Eftir þriggja daga ferð náðu þeir til fjallsins. Ísak sagði við fylgdarmenn sína, "Bíðið hér á meðan við Ísak förum til að dýrka Drottinn,



svo komum við til baka."

6

Ísak hélt á brenniviðnum en Abraham tók eldinn og hnífinn.



7

"Hvar er lambið til brennifórnarinnar?" spurði Ísak. "Guð mun sjá fyrir lambinu," svaraði Abraham.



8

Þegar þeir komu á staðinn sem Guð hafði valið þeim, reisti Abraham þar altari og lagði viðinn á til brennifórnarinnar.




9

Abraham hafði byggt mörg altari um dagana, en þetta mundi verða erfiðast af þeim öllum.




10

Abraham batt son sinn Ísak og lagði hann á altarið. Mundi Abraham nú virkilega hlýðnast Guði og fórna sínum elskaða syni, einkasyni sínum? Jú!



11

Hnífurinn var kominn á loft. Það glampaði á hnífsblaðið. Hjarta hans var sennilega komið að því að springa, en Abraham vissi að hann varð að hlýðnast Guði.



12

"Abraham!
Abraham!"
Kallaði
engill Guðs.




13

"Legg þú ekki hönd á son þinn. Nú veit ég að þú óttast Guð, því þú synjaðir mér ekki fyrir einkason þinn."



14

Þá kom Abraham auga á sauð í trjárunna rétt hjá. Hann leysti nú Ísak og fórnaði sauðnum í stað hans.



15

Kannski Ísak hafi hugsað. "Guðs forsjón er óskeikul, eins og faðir hans hafði sagt."



16

Á meðan feðgarnir dýrkuðu Drottinn, kallaði engill Drottins á Abraham öðru sinni.



17

"Vegna hlýðni þinnar mun ég blessa allar þjóðir og öll þín börn." Dag einn, löngu síðar, fæddist JESÚS, einn af afkomendum hans.



18

Abraham og Ísak héldu nú heim á leið, og nokkru síðar dó Sara. Abraham hafði nú misst konu sína, og Ísak móður sína.




19

Að lokinni jarðarför, sendi Abraham þjón sinn í leit að konuefni fyrir Ísak.




20


Hann fór til
bernskustöðva
Abrahams þar sem
ættfólk hans bjó, til að
finna konu handa Ísak.




Þjónninn bað Drottinn að gefa sér merki. "Láttu
stúlkuna sem gefur úlföldunum vatn vera hina réttu
fyrir Ísak."



Þá kom Rebekka og gaf úlföldunum vatn að drekka.
Hún var af kynstofni Abrahams. Þá vissi þjónninn að
Drottinn hafði svarað bæn hans.



Rebekka yfirgaf fjölskyldu sína til að
giftast Ísak. Ísak elskaði Rebekku og huggaðist af
móðurmissinum.



Guð reynir trú og hlýðni Abrahams

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Fyrstu Mósebók 22-24

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130

Guð veit að við höfum öll gert rangt af okkur, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.

Guð elskar okkur svo mikið að hann sendi son
sinn, Jesú, til að deyja á krossi til að borga fyrir
syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til
himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.

Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum, segðu þá
eftirfarandi til Guðs: Góði Guð, ég trúi að Jesús hafi
dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig
nú að koma inni líf mitt og fyrirgefa syndir mínar,
svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífð.
Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!